



Fundargerð

Fundur haldinn miðví Oddeyrarskóla miðvikudaginn 04. 05. 2022 kl. 11.00

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Sunneva Guðgeirsdóttir fulltrúar annarra starfsmanna en kennara, Elísa Gunnarsdóttir og Hjördís Vala Þórsdóttir fulltrúar foreldra og Aron Ingi Elmarsson og Sara Sævarsdóttir fulltrúar nemenda, deildarstjórnir Margrét Aðalgeirsdóttir og Fjóla Kristín Helgadóttir

Fundarritari: Fjóla Kristín Helgadóttir og Margrét Aðalgeirsdóttir

Dagskrá:

Skólapúlsinn. Rennt yfir helstu niðurstöður nemenda, foreldra og starfsmannakannana. Niðurstöður munu birtast á heimasíðu skólans. Umræður um einelti, fulltrúi foreldra og starfsmanna leggja áherslu á að foreldrar nemenda sem ekki fylgja reglum mæti með börnunum sínum í skóla. Kynjaskipting í sundi hefur gefið góða raun.

Breytingar á starfsmannahaldi. Dagrún fer aftur í myndmennt, Bergdís og Jónas sem hafa kennt hér áður hafa verið ráðin á unglíngastig. Sólveig fer í kennslu í textíl og hættir í umsjón. Halldór mun kenna heimilisfræði næsta skólaár en verður ekki umsjónarkennari. Fleiri breytingar liggja ekki fyrir en heyrst hefur að einhverjir af ungum fastráðnum starfsmönnum muni ætla að segja upp og hverfa til annarra verkefna. Búið er að ráða íþróttakennara og umsjónarkennara á unglíngastig en verið er að vinna í ráðningarmálum í 5. - 7. bekk og skýrast þau mál vonandi sem fyrst. Íþróttakennari - Baldur Geirsson.

Öryggishandbók Oddeyrarskóla var skrifuð í fyrsta sinn sl. skólaár og nú liggur fyrir að öryggistrúnaðaráð mun endurskoða hana. Skólaráð má koma með athugasemdir og senda til skólastjóra. Anna mun senda handbókina og skólaráð má gera athugasemdir.

Önnur mál

Anna - Nú hafa komið 3 nemendur frá Úkraínu í skólann. 1., 3. og 7.bekk. Sennilega eini skólinn sem hefur tekið á móti flóttafólki á Akureyri. Við gerum okkar besta til að koma til móts við þessa nemendur.

Fundi slitið 11:47 Fjóla Kristín Helgadóttir og Margrét Aðalgeirsdóttir skrifuðu fundargerð